

Nd.

663. Frumvarp til laga

[179. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Nr. 6 í 25. kafla orðist svo: 6 — annað	1 kg	1	2
2. Orðin „svo og hexan“ í nr. 60a í 28. kafla falla niður.			
3. Á eftir nr. 60b í 28. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: 60c Hexan	—	2	

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felldur 8. töluliður 1. gr. laga nr. 49 frá 1950, um breyting á lögum nr. 62 frá 1939.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

Um efni frv. skal þetta tekið fram:

Um 1.—3. Farið hefur verið fram á lækkun aðflutningsgjalda af leir og hexani, sem hvort tveggja er notað til lýsisvinnslu í hinni nýju verksmiðju Faxa s/f í Reykjavík. Tollurinn á efnum þessum er nú það hár, að rétt þykir að lækka hann verulega, enda er hér um nýjan innflutning að ræða á efnum, sem notuð verða til vinnslu á íslenskum útflutningsvörum.